

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 4. september 2020 í máli nr. 23/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 29. apríl 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi ekki veitt umsamda þjónustu og krefst endurgreiðslu. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

### II

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum málsins kemur fram að sóknaraðili festi kaup á söluhlutlut af erlendum söluaðila sem senda átti til Íslands. Áætlaður afhendingartími var að sögn erlenda söluaðilans frá 24. til 30. apríl 2020. Sóknaraðili greiddi erlenda söluaðilanum sendingarkostnað að fjárhæð 26,80 GBP eða um það bil 4.807 krónur, miðað við gengi þann 16. apríl 2020.

Þann 24. apríl 2020 fékk sóknaraðili tilkynningu frá varnaraðila um að sendingin hefði borist til Íslands. Í tilkynningunni kom fram að áætlaður afhendingardagur væri þann 27. apríl 2020 og þörf væri á undirritun við afhendingu. Sóknaraðili óskaði sama dag eftir breytingu á afhendingarmáta svo ekki yrði gerð krafa um undirritun við afhendingu. Í tilkynningu varnaraðila vegna breytingarinnar kemur fram að setja megi sendinguna „inn um bréfalúgu eða skilja eftir fyrir utan ef enginn er heima“.

Á fyrirhuguðum afhendingardegi, þann 27. apríl 2020, fékk sóknaraðili tilkynningu frá varnaraðila um að hann gæti sótt sendinguna í tiltekið pósthólf í nágrenni við heimili sóknaraðila næsta dag. Sóknaraðili hafði samband við varnaraðila að morgni 28. apríl 2020 og tilkynnti um óánægju sína með það að sendingin hefði ekki borist á umsömdum degi heim til hans. Starfsmaður varnaraðila sótti sendinguna í kjölfarið í pósthólfið og afhenti hana til sóknaraðila á heimili hans þann 29. apríl 2020.

Í andsvörum varnaraðila kemur fram að gripið hafi verið til þess að afhenda sendingar í pósthólf á meðan hættustig Almannavarna var í gildi hér á landi vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi ekki veitt þá þjónustu sem óskað var eftir og greitt var fyrir. Þá hafi tafir á afhendingu valdið sóknaraðila óhagræði þar sem hann hugðist fara í ferðalag næsta morgun og taka söluhlutinn meðferðis en það var ekki mögulegt.

### III

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili festi kaup á söluhlut af erlendum aðila þann 16. apríl 2020. Áætlaður afhendingardagur var samkvæmt samningi við erlenda söluaðilann á milli 24. til 30. apríl

2020. Varnaraðili tilkynnti sóknaraðila þann 24. apríl 2020 að sendingin væri komin til landsins og áætlaður afhendingardagur væri 27. apríl 2020 að heimili sóknaraðila.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á sendingarkostnaðinum með vísan til þess að varnaraðili hafi ekki veitt þá þjónustu sem greitt var fyrir.

Fyrir liggur að sendingin barst að heimili sóknaraðila þann 29. apríl 2020, tveimur dögum eftir áætlaðan afhendingardag samkvæmt tilkynningu varnaraðila þann 24. apríl 2020. Í samningi sóknaraðila og erlenda söluaðilans kemur hins vegar fram að sendingin ætti að berast að heimili sóknaraðila í síðasta lagi 30. apríl 2020. Gögn málsins sýna ekki fram á að samningssamband hafi verið á milli sóknaraðila og varnaraðila vegna þjónustunnar.

Ekkert liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að sóknaraðili hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna tafa á afhendingu söluhlutarins. Samið var um að sóknaraðili fengi sendinguna að heimili sínu fyrir 30. apríl 2020 og gekk það eftir. Sendingin barst innan þess tíma að heimili sóknaraðila og afhendingartíminn var samkvæmt því í samræmi við samning aðila.

Kærunefndin telur sér þar af leiðandi ekki fært að fallast á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu fyrir þjónustuna

#### IV

#### Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson